

Mál nr. 83/2023**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V): V1 og V2****Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.****Skráningarnúmer ökutækja: A og B****Sakarskipting.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 4. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 27. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2 dags. 22. mars 2023 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Hinn 4. janúar 2023, varð árekstur milli bifreiðanna A og B, sem er í eigu M en dóttir hans ók umrætt sinn, á Fríkirkjuvegi í Reykjavík. Ökumaður A lýsir atvikum svo að slys á Fríkirkjuvegi hafi valdið umferðartöfum og bifreiðar á undan honum hafi verið kyrrstæðar, og ekki nýtt tækifæri til framúraksturs þó skilyrði til hans hafi verið góð. Þegar tækifæri gafst hafi hann nýtt það og ekið fram úr röðinni, eftir að hafa beðið í drykklanga stund. Í sömu andrá hafi B ekið af stað, en ekki veitt A athygli og keyrt inn í hægri afturhlið hennar. Atburðalýsing M er á þann veg að vegna áreksturs framan við gatnamót Fríkirkjuvegur og Skothúsvegur hafi myndast röð af bifreiðum og ökumenn þeirra hafi beðið eftir því að geta nýtt hina akreinina til að komast fram hjá árekstrinum. Þegar dóttir M hafi verið næst í röðinni hafi hún gefið stefnuljós til marks um að hún sé að færa sig yfir á hina akreinina. Þá hafi A komið á fleygiferð aftar úr röðinni, í sömu akstursstefnu og B, og árekstur hafi orðið milli A og B.

Ágreiningi um sakarskiptingu var vísað til Tjónanefndar váttryggingafélaganna sem komst að þeirri niðurstöðu öll sök skyldi lögð á B sem hefði ekki gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig áður en hún ók af stað úr kyrrstöðu yfir á gagnstæða akrein. M fellir sig ekki við þau málalok og telur að A beri sök á árekstrinum, enda hafi hann skapað hættu með aksturslagi sínu í vetrarfærð þar sem umferðarslys hafði átt sér stað.

V1, sem var váttryggjandi A á tjónsdegi gerir ekki athugasemdir vegna málsins.

Í bréfi V2, sem var váttryggjandi B á tjónsdegi, til nefndarinnar, er tekið undir kröfu M, enda hafi A sýnt af sér aðgæsluleysi þegar hann ákvað að taka fram úr röð bifreiða við þær aðstæður sem voru á vettvangi. Aðstæður til framúraksturs hafi tæpast verið fyrir hendi, mikill snjór á veginum og umferð hafi stöðvast vegna umferðaróhapps. Hafi ökumanni A borið að ganga úr skugga um að hægt væri að taka fram úr án þess að af því skapaðist hættu og í öllu falli hefði hann átt að sýna af sér fyllstu varkárni við þær aðstæður sem voru fyrir hendi.

Álit.

Aðila greinir ekki á um meginatriði þeirra atvika sem leiddu til áreksturs A og B. Þannig liggur fyrir að tafir urðu á umferð vegna umferðaróhapps og að B var fremst í röð bifreiða sem biðu færís á að komast fram hjá vettvangi þess óhapps. A var aftar í röðinni er hann hóf framúrakstur fram hjá þeim bifreiðum sem voru nær vettvangnum. Á sama tíma ók B yfir á sömu akrein með þeim afleiðingum að árekstur varð.

Hvað B varðar þá verður að telja að hún hafi ekki gætt nægilega að því að unnt væri að aka til hliðar og yfir á gagnstæða akrein án þess að skapa hættu eða óþægindi fyrir aðra vegfarendur, sbr. 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Hvað A varðar verður að líta til þess að sérstök aðgæsluskylda hvílir á ökumanni sem hyggur á framúrakstur, sbr. 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga. Verður að telja að þessi skylda hafi verið sérlega rík við þær aðstæður sem voru uppi, en A var ljóst að umferðaróhapp hafði orðið framan við bílaröðina sem hann ók fram úr, og honum var jafnframt ljóst að ökumenn þeirra bifreiða sem framar voru biðu færís á að skipta um akrein til að komast fram hjá vettvangi óhappsins. Var framúrakstur með þessum hætti því afar varhugaverður við þær aðstæður sem voru uppi og verður að telja að A hafi ekki gætt þeirrar varúðar sem honum bar.

Með vísan til framangreinds, sbr. og 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar, verður sök því skipt að jöfnu milli ökumanna A og B.

Niðurstaða.

Ökumenn A og B bera hvor um sig helming sakar.

Reykjavík, 2. maí 2023.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Dögg Hermannsdóttir